

Sp.

254. Breytingartillaga

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjármálaráðherra.

Nýr liður bætist við 6. gr. og orðist svo:

Að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð gegn þeim tryggingum sem fjármálaráðherra metur gildar, á láni sem nemur allt að 1,6 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. október 1981 til 30. september 1982. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr., og miðað við þær tekjur sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.